

Alþingi
Erindi nr. P 139/1612
komudagur 8.3.2011

Umferðarráð

Til samgöngunefndar Alþings

Umsögn Umferðarráðs vegna frumvarps til umferðarlaga, 495. máls, 2011:

Stjórn Umferðarráðs telur að nauðsynlegt sé að til sé vettvangur fyrir samráð hinna fjölmörgu aðila sem hafa ólíka og margvíslega aðkomu að umferðinni og hafa áhrif á umferðaröryggisstarfið. Með tilkomu Umferðarstofu breyttist vettvangur Umferðarráðs. Spurning er hvort ekki sé rétt að koma á fót ráði, sem geti verið ráðgefandi á sviði umferðarmála og stuðli að því að sú þekking og reynsla sem fyrir hendi er nýtist í þágu umferðaröryggis. Einnig yrði það eins og verið hefur samráðs- og upplýsingavettvangur um það sem efst er á baugi á hverjum tíma.

Opinberir aðilar eins og ráðuneyti og lögregla hafa tekið virkan þátt í starfsemi Umferðarráðs. Þeir hafa hins vegar átt erfitt með að taka afstöðu til ýmissa mála, sem hugsanlega lúta að gagnrýni á opinbera aðila, en samt er nauðsynlegt að sé hluti af umræðunni. Þess vegna er einn möguleikinn sá, að aðild að Umferðarráði verði endurskoðuð og að fyrrnefndir opinberir aðilar séu virkir þátttakendur í umræðum, en hafi ekki atkvæðisrétt. Skoða þarf hvernig standa ber að greiðslu þess kostnaðar sem fylgir rekstri ráðsins.

Oft hefur verið rætt um framtíð Umferðarráðs innan vébanda þess. Segja má að yfirgnæfandi meirihluti fulltrúa hafi talið ráðið mikilvægan og þarfan vettvang og að þar hafi oft verið varpað ljósi á ýmis mál og þá hafa ágreiningsmál á stundum verið leyst.


Í greinargerð með frumvarpinu (mál 495.) segir að hugað verði að nýrri skipan þessara mála þegar frumvarp þetta verður að lögum. Það er mat stjórnar Umferðarráðs að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun í því máli samhliða samþykkt umferðarlaga.

Þess vegna leggur stjórn Umferðarráðs fram eftirfarandi tillögu:

Í stað 1. málslíðar, 2. málsgreinar 114. greinar frumvarpsins komi eftirfarandi:

„Umferðarstofa skal skapa samráðsvettvang fyrir félög, samtök og stofnanir á sviði umferðarmála, sem eftir atvikum hafi umsjón með ákveðnum verkefnum sem annars eru á forræði Umferðarstofu, samkvæmt reglum sem ráðherra setur í reglugerð.“

Fyrir hönd Umferðarráðs



Sigurður Heigason

framkvæmdastjóri

